

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: Arctic Smolt ehf.	Dags. eftirlits: 11/7 2017	Staðsetning stöðvar: Norðurbotn, Tálknafirði	Starfsleyfisflokkur:
Tengiliður: Johan Hansen	Netfang: jh@afish.is	Sími:	Gerð stöðvar: Seiðældi
Gildistími starfsleyfis: 12/12 2020	Kvittun afhend: NEI	Viðstaddir eftirlit: Örn Smáráson	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits: Sigríður Gísladóttir

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Laxaseiði. Í stöðinni voru um 50 tonn lífmassa.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Miklar og stöðugar endurbætur á búnaði.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?				ATH. Starfsmaður gat ekki veitt upplýsingar.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?				ATH. Starfsmaður gat ekki veitt upplýsingar.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			ATH. Viðbragðsáætlanir vegna rekstrarstöðvunar ekki fáanlegar á staðnum.

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?				ATH. Starfsmaður gat ekki veitt upplýsingar.
Er neyðaráætlun til staðar?				ATH. Starfsmaður gat ekki veitt upplýsingar.


Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			ASC vottun
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?				ATH. Starfsmaður gat ekki veitt upplýsingar. Upplýsingar/gögn ekki á staðnum.
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?		X		Mikill plastúrgangur á víð og dreif úr lífhreinsum. Yfirborð vatns í lífhreinsum var óvarið og plastið flaut á yfirborðinu í vetur og hefur verið að fjúka. Búið er að setja hlífar yfir og því hefur verið komið í veg fyrir frekari mengun af þessum völdum.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Tromlur í nýjum hluta stöðvarinnar. Settjörn fyrir gamla hluta.

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Sjór
Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?			X	
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Engar mælingar.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?			X	
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?			X	
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?			X	
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?		X		ATH. Kvittanir vegna úrgangslosunar ekki á starfsstöð.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Óvíst þar sem engar niðurstöður úr mælingum voru á starfsstöð.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.				ATH. Starfsmaður gat ekki veitt upplýsingar.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi?			X	ATH. Starfsmaður gat ekki veitt upplýsingar.

Hver sér um mælingarnar?				
--------------------------	--	--	--	--

Niðurstöður síðasta eftirlits:	
<ul style="list-style-type: none"> - Plastrusl í fjöru - Neyðaráætlun v/rekstrarstöðvunar vantaði. - Áhættumat og viðbragðsáætlun v/bráðamengunar vantaði og hvenær skuli tilkynna um mengunaróhapp. - Trygging vegna bráðamengunar vantaði. 	
Samantekt:	Enn sömu niðurstöður úr eftirliti. Gerðar hafa verið úrbætur með plastrusl sem kemur úr lífhreinsi, mengun hefur verið stöðvuð.
Frávik	Óvíst er hvort gerðar hafi verið frekari úrbætur en þær að stöðva frekari mengun af plastrusli frá lífhreinum, þar sem ekki voru nein gögn á starfsstöðinni til að staðfesta að áætlanir þær og tryggingar sem taldar eru upp sem frávik í niðurstöðum eftirlits.
Athugasemdir	
Annað	Engin kvittun afhent vegna eftirlits, en eftirlit staðfest af starfsmanni með undirskrift á gátlista sem notaður var sem vinnublað í eftirlitinu.

Undirskrift eftirlitsmanns:



Sigríður Gísladóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Smolt Botni, Tálknafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	11.7.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Arctic Smolt	Eftirlitsmaður	Sigríður Gísladóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Johan Hansen	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Örn Smáráson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu en fjögur frávik komu fram í eftirlitinu er varða að skráningum er ábótavant, plastagnir hafa ekki verið nægjanlega vel hreinsaðar úr fjörum og nærsvæði tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs - stranda hefur ekki borist eftirlitsaðila og að neyðaráætlun, áhættumati og viðbragðsáætlun hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 1.4. í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Skv. gr. 1.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar og umhverfis- og rekstrarþáttum tengdum þeim. Rekstraraðili skal skrá á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um þau atriði sem talin eru upp í gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Gr. 2.3 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Mikil plastmengun vegna plast úr lífhreinsum er í kringum stöðina. en skv. 2.3 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi er fyrirtækinu er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Skv. rekstraraðila er vinna við hreinsun plastsins hafin og stendur enn yfir, fjaran hefur verið gengin og plast hreinsað upp.

Skv. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

Rekstraraðili skal skila inn afriti af tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs- og stranda skv. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

Gr. 1.4. í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Rekstraraðili skal vinna neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar, áhættumat og viðbragðsáætlun þar sem tekið er á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp. Neiðaráætlun, áhættumat og viðbragðsáætlun hafa ekki verið send eftirlitsaðila en eru til í gæðahandbók fyrirtækis að sögn rekstraraðila.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Skv. rekstraraðila er búið að ráða hreinsunarfólk til að ganga fjörur og hreinsa upp plast. Reiknað er með að það þurfi að skipta nánast alveg um mölina sem er á yfirborðinu á hlaðinu við stöðina.

10.08.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir
Steinunn Karlsdóttir